
Starfsemi Gildis – lífeyrissjóðs 2015

Á árinu greiddu um 46.300 sjóðfélagar til Gildis og 20.600 manns fengu greiddan lífeyri úr sjóðnum. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði verulega milli ára, en eignir í árslok 2015 voru 1,4% umfram heildarskuldbindingar. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris er 451 milljarður.

Eignir

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 451.050 m.kr. í árslok 2015 og hækkaði á árinu um 82.785 m.kr., þar af eru 37.080 m.kr. vegna sameiningar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga við sjóðinn. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2015 var 4.013 m.kr. og hækkaði um 940 m.kr. frá fyrra ári, þar af eru 607 m.kr. vegna sameiningar séreignarleiðar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga við sjóðinn.






Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:

31,6%	Ríkistryggð skuldabréf
26,4%	Erlend verðbréf
21,8%	Innlend hlutabréf
6,7%	Skuldabréf fyrirtækja
8,6%	Önnur skuldabréf
2,9%	Sjóðfélagalán
2,0%	Innlán



Nafnávöxtun innlendra hlutabréfa var 34,4% og erlend hlutabréf hækkuðu um 3,0% í krónum. Hlutabréf sjóðsins samanstanda af skráðum verðbréfum og óskráðum fjárfestingarsjóðum. Raunávöxtun skuldabréfa var 4,3%.



Efnahagsreikningur		í milljónum kr.
	31.12.2015	**31.12.2014**
Verðbréf með breytilegum tekjum	218.880	165.575
Verðbréf með föstum tekjum	207.559	184.275
Veðskuldabréf	16.598	15.771
Bankainnstæður	9.708	4.018
Kröfur	2.264	1.507
Fasteign, rekstrarfjármunir og aðrar eignir	446	427
Skuldir	-393	-234
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**455.063**	**371.338**

Breytingar á hreinni eign		í milljónum kr.
	2015	**2014**
Iðgjöld	17.610	14.060
Lífeyrir	-13.441	-11.336
Framlag ríkisins vegna örorku	1.180	1.107
Fjárfestingartekjur	41.355	33.786
Fjárfestingarkostnaður	-255	-232
Rekstrarkostnaður	-473	-428
Aðrar tekjur	63	55
Hækkun á hreinni eign á árinu	46.039	37.014
Hrein eign frá fyrra ári	371.338	334.324
Hrein eign Lífeyrissjóðs Vestfj.	37.686	
Hrein eign til greiðslu lífeyris	**455.063**	**371.338**

Kennitölur		
	2015	**2014**
Hrein nafnávöxtun	9,9%	9,9%
Raunávöxtun	7,9%	8,9%
Hrein raunávöxtun	7,7%	8,8%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	6,3%	5,0%
Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal)	1,1%	2,0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	30.846	28.073
Fjöldi launagreiðenda	5.081	4.369
Fjöldi lífeyrisþega	20.580	18.189
Tryggingafræðileg staða (%)	1,4%	- 0,9%

Stjórn sjóðsins

Þorsteinn Víglundsson (formaður), Harpa Ólafsdóttir (varaformaður), Árni Bjarnason, Elínbjörg Magnúsdóttir, Hjörtur Gíslason, Konráð Alfreðsson, Þorbjörg K. Jónsdóttir og Þórunn Liv Kvaran.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

Ársfundur 2016

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 14. apríl n.k. kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.